

Nr.			Kr. A.
5.	Norðurþingeyjarsýsla :		67
	Kostnaður sjóðsins . . . . .	266	«
	Eign til næsta árs . . . . .	328	40
6.	Norðurmúlasýsla :		
	Kostnaður sjóðsins . . . . .	352	«
	Eign til næsta árs . . . . .	1229	94
7.	Suðurmúlasýsla :		
	Kostnaður sjóðsins . . . . .	1068	50
	Eign til næsta árs . . . . .	607	2
			1675 52

Skrifstofu norður- og austur-amsins 2. janúar 1883.

*J. Havsteen,*  
settur.

### Yfirlit

68

yfir fjárhag sýsluvegasjóðanna í norður- og austur-umdæminu árið 1881.

Nr.	Tekjur.		Kr. A.
1.	Húnavatnssýsla :		
	Eign frá fyrra ári . . . . .	477	2
	Sýsluvegagjald . . . . .	1063	62
	Aðrar tekjur . . . . .	3000	«
			4540 64
2.	Skagafjarðarsýsla :		
	Eign frá fyrra ári . . . . .	84	93
	Sýsluvegagjald . . . . .	1033	98
			1118 91
3.	Eyjafjarðarsýsla :		
	Eign frá fyrra ári . . . . .	105	14
	Sýsluvegagjald . . . . .	1089	«
			1194 14
4.	Suðurþingeyjarsýsla :		
	Eign frá fyrra ári . . . . .	258	26
	Sýsluvegagjald . . . . .	850	9
			1108 35
5.	Norðurþingeyjarsýsla :		
	Eign frá fyrra ári . . . . .	274	28
	Innistandandi hjá S. Eiríkssyni . . . . .	5	32
	Sýsluvegagjald . . . . .	376	74
			656 34
6.	Norðurmúlasýsla		
	Eign frá fyrra ári . . . . .	767	74 <sup>3/4</sup>
	Sýsluvegagjald . . . . .	1093	46 <sup>1/2</sup>
			1861 21 <sup>1/4</sup>
7.	Suðurmúlasýsla :		
	Eign frá fyrra ári . . . . .	148	59*
	Sýsluvegagjald . . . . .	1133	41
	Skuld til næsta árs . . . . .	1200	«
			2482 «

\*) Sbr. amtsráðsfundarskýrslu 28. og 29. júní 1882, Nr. 22 (Stjórnartíðindi 1882, B. bls. 162).

Nr.	Gjöld.	Kr.	A.
1.	Húnavatnssýsla:	kr. a.	
	Vegabótakostnaður . . . . .	3435	71
	Önnur gjöld . . . . .	118	36
	Eign til næsta árs . . . . .	986	57
			4540 64
2.	Skagafjarðarsýsla:		
	Vegabótakostnaður . . . . .	671	42
	Annar kostnaður . . . . .	132	»
	Eign til næsta árs . . . . .	315	49
	(Framhald í næsta tölublaði).		1118 91

### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1882 og 1883.

10. gr. C. 4.

Eptir tillögu amtsráðsins í norður- og austurumdæminu:

Sigríði Jónsdóttur frá Djúpadal í Skagafjarðarsýslu veittur 200 kr. styrkur til að læra mjólkurmeðferð í Danmörku og kaupa áhöld sem nauðsynleg eru til að geta veitt kennslu í henni hjer á landi.  
16. gr.

Skólakennara Steingrími Thorsteinsson veittur styrkur til að gefa út þýzka lestrarbók með málfræði og orðasafni, 30 kr. fyrir hverja prentaða örk, (1883 fyrir 10 arkir eða helming bókarinnar eptir áætlun).

Fyrverandi skólakennara Benidikt Gröndal veittar 200 kr. til að framhalda myndasafni.

### EMBÆTTASKIPANIR OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

28. apríl þóknadist hans hátign konunginum að skipa kandidat í læknisfræði Asgeir Blöndal hjeradslækni í 17. læknishjeradi (Vestur-Skaptafellssýslu)

11. maí var prestinum að Fjallabingum sjera Pjetri Jónssyni veitt Hálsprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.

S. d. var prestinum sjera Jónasi Pjetri Hallgrímssyni veitt Skorrastáðarprestakall í Suðurmúlaprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.

17. s. m. var prestinum að Stað í Grunnavík Einari Vornharðssyni veitt lausn frá embætti frá næstkomandi fardögum með 370 kr. árlegum eptirlaunum úr landssjóði.

S. d. veitti landshöfðingi hjeradslækni í 2. læknishjeradi, Þórði Gudmundsen, fyrst um sinn eptir beiðni hans lausn frá embættisstörfum frá 1. júní næstkomandi og setti kandidat í læknisfræði Þórð Thóróddsen til þess fyrst um sinn frá sama degi að gegna embætti hans.

### ÓVEITT EMBÆTTI.

Kennaraembætti við lærða skólann í Reykjavík. Launin eru 2000 kr. á ári. Embættið verður veitt frá 1. október þ. á. og verður sá, sem skipaður verður í það, að geta tekizt á hendur kennsluna í náttúrusögu einkum dýrafræði og steinafræði.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsráskurðum 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863 að senda með bónarbrjefum sínum tilhlýðileg vottorð um kunnáttu sína í íslenzku.

Auglýst 21. apríl 1883. Bónarbrjef eiga að vera komin 24. júlí 1883.

Presthólar í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi. Presthóla- og Ásmundarstaðasóknir. Metið 636 kr. 41 e. Þar að auki 300 kr. uppbót úr landssjóði. Auglýst 12. maí 1883.

Staður í Grunnavík í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi (Staðarsókn). Tillag úr landssjóði 400 kr. Metið þessutan 499 kr. 16 a. Auglýst 19. maí 1883.